

## Húsnæðis- og rekstrarsamningur vegna frístundaheimila ÍTR

Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkur (ÍTR) og Menntasvið Reykjavíkur gera með sér svofelldan húsnæðis- og rekstrarsamning um afnot af skólahúsnæði fyrir starfsemi frístundaheimila samkvæmt samþykktum borgarráðs 4. júní 2002, fræðsluráðs 1. júlí 2002 og borgarráðs 2. júlí 2002.

### 1. gr.

Frístundaheimili eru rekin við grunnskóla Reykjavíkur skv. samþykkt borgarráðs. Frístundaheimilin eru þjónusta fyrir börn í 1.-4. bekk, eftir að hefðbundnum skólatíma lýkur, þar sem áhersla er lögð á frístundastarf og reynslunám. Frístundaheimilin skulu rekin innan veggja skólanna, en á ábyrgð Íþrótt- og tómstundasviðs Reykjavíkur. Afmarka skal rýmispörf þessarar starfsemi innan veggja skólans og ætla henni rými miðað við áætlaðan fjölda barna. Taka skal mið af þeirri rýmispörf sem skilgreind er í fylgiskjali, þar sem segir að hjarta frístundaheimila skuli vera u.þ.b. 1 m<sup>2</sup> á hvert barn og að frístundaheimili hafi aðgang að u.þ.b. 4 m<sup>2</sup> af nettó vinnusvæði fyrir hvert barn.

Við húsnæðisskipulag á frístundaheimili skal gert ráð fyrir að mögulegt sé að starfa í samræmi við leiðarljós frístundaheimilanna, sem eru að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Lögð er áhersla á að þroska félagslega færni í samskiptum í gegnum leik og starf sem og virðingur fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Frístundaheimilin leitast við að nota lýðræðislega starfshætti, efla hæfni barnanna til að móta sér sjálfstæðar skoðanir og hafa áhrif á umhverfi sitt og aðstæður. Húsnæði sem frístundaheimili hafa aðgang að þarf að vera bæði aðlaðandi og notalegt.


Skilgreining á húsnæðispörf frístundaheimila er í samræmi við reglugerðir um leik- og grunnskóla og um þarfagreiningu húsnæðis til félags- og tómstundastarfs, að viðbættri aðstöðu fyrir starfsfólk. Þar sem aðstaða fyrir frístundaheimili er ekki fullnægjandi innan skólanna skal leita annarra lausna sem taka mið af þeirri rýmispörf sem skilgreind er í fylgiskjali.

### 2. gr.

Umsjónarmenn frístundaheimila skulu sitja samráðsfundi með aðilum frá viðkomandi skóla til að fá sem bestar upplýsingar um nemendur og þarfir þeirra. Skólastjóri og forstöðumaður viðkomandi frístundamiðstöðvar gera með sér samkomulag um þessa fundi, markmið þeirra og fyrirkomulag.

### 3. gr.

Rekstur húsnæðis grunnskólanna er á vegum Menntasviðs, en ÍTR greiðir laun þeirra starfsmanna sem vinna í frístundaheimilunum og hlutdeild í rekstrarkostnaði húsnæðis skv. samkomulagi ÍTR, Framkvæmdasviðs Reykjavíkur og Menntasviðs Reykjavíkur. Skólastjóri og forstöðumaður viðkomandi frístundamiðstöðvar skulu ávallt leitast við að finna hagkvæmustu lausnir á þjónustu við nemendur skólans og hafa með sér samráð um



nýtingu á húsnæði. Ef einstaka skóli getur ekki lagt ÍTR til húsnæði vegna frístundaheimilis í samræmi við samþykkt borgarráðs á skilgreiningu á rýmisþörf, hefur ÍTR leyfi til leita eftir húsnæði utan viðkomandi skólahúsnæðis og leigja eftir atvikum í samráði við Framkvæmdasvið.

4. gr.

Allt starf í frístundaheimilinu utan daglegs skólatíma og húsnæði sem það nýtir, er á ábyrgð og á vegum ÍTR og undir yfirstjórn forstöðumanns viðkomandi frístundamiðstöðvar í hverfinu. Samkomulag verði gert í hverjum skóla um nýtingu húsnæðis þar sem fram kemur m.a. hver ber ábyrgð á því húsnæði sem samnýtt er í viðkomandi skóla. Dagleg stjórnun frístundaheimilisins er á hendi umsjónarmanns frístundaheimilisins. Á þetta einnig við um starfsdaga, foreldradaga og jóla- og páskaleyfi þegar ÍTR býður upp á þjónustu allan daginn.

5. gr.

Allt viðhald innan og utanhúss og á lóð er á vegum Framkvæmdasviðs. Ef breyta þarf húsnæði eða ef um meiriháttar viðhald er að ræða sem hefur áhrif á starfsemi beggja aðila, skal haft um það fullt samráð og tryggja að fjármagn vegna breytinga og viðhalds sé til staðar.

6. gr.

Ræsting á því rými sem ÍTR hefur afnot af fyrir frístundaheimili, er á ábyrgð skólanna og greitt af þeim, þ.e. laun og efniskostnaður vegna ræstingar sem og efniskostnaður vegna salerna í skólanum. Rafmagn, hiti og fastur/lágmarks símakostnaður er greiddur af skólanum sem og sameiginlegt öryggiskerfi. Starfsmenn skóla grófhreinsa rými sem þeir nota þannig að þau séu tilbúin til frekari notkunar eða ræstingar. Starfsmenn frístundaheimila grófhreinsa rými sem þeir hafa notað þannig að þau séu tilbúin til frekari notkunar eða ræstingar.

7. gr.

Starfsmenn frístundaheimila fari eftir sömu samskipta-, umgengnis og vinnureglum og farið er eftir í viðkomandi skóla nema samkomulag verði um annað.

8. gr.

Skólastjóra og forstöðumanni viðkomandi frístundamiðstöðvar ber að kynna húsnæðis- og rekstrarsamning innan síns starfsstaðar.

9. gr.

Húsnæðis- og rekstrarsamningi þessum skal fylgja samningur um það rými sem viðkomandi frístundaheimili hefur aðgang að í hverjum skóla.


10. gr.

Samningsaðilar þ.e. ÍTR og Menntasvið Reykjavíkur geta hvor um sig óskað eftir endurskoðun samningsins með þriggja mánaða fyrirvara.




Reykjavík, 17. maí 2006

F.h. Menntasviðs  
Reykjavíkur.



---

F.h. Íþróttá- og tómsfundasviðs  
Reykjavíkur.



---

